

HVAÐ ER BÓKHALD?

Í raun má skipta bókhaldi upp í fjóra þætti: 1. Bókfærsla. 2. Kostnaðarútreikningar. 3. Uppgjör og skýrslur. 4. Rekstraráætlanir.

Segja má að bókhald sé skipuleg skráning á öllum viðskiptum fyrirtækis við umhverfi sitt í þar til gerðar bækur eða tölvuforrit, og skráning á tilfærslum fjármuna og fjármagns innan fyrirtækisins.

Hlutverk bókarans er að safna saman upplýsingum um öll þau viðskipti sem fyrirtækið á við umhverfi sitt, og allar hreyfingar á fjármagni og fjármunum. Þessar upplýsingar er að finna á alls kyns skjölum sem útbúin eru til staðfestingar á viðskiptunum. Þessum skjölum er raðað upp í tímaröð, og upplýsingarnar síðan skráðar í bækur eða þær færðar í tölvu.

HVER ER TILGANGURINN?

Tilgangurinn með bókhaldinu er fyrst og fremst sá að auðvelda stjórnendum og eigendum fyrirtækja að greina hvað það er sem á sér stað innan fyrirtækisins, hvort reksturinn skilar hagnaði, hve miklir peningar eru handbærir, hvort vörubirgðir séu nægjanlegar o.s.frv. Bókhaldið þarf að vera þannig skipulagt að þessar upplýsingar séu aðgengilegar með skömmum fyrirvara.

Hér á landi, eins og í öllum menningarríkjum, hafa verið sett lög sem skylda alla þá sem einhvern atvinnurekstur stunda, og alla félagsstarfsemi, til að færa bókhald. Í bókhaldslögum kemur fram að bókhaldinu skuli haga þannig að það gefi svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag sem þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera kunni að krefjast.

Bókhald og bókfærsla er námkvæmnisvinna. Því er mjög mikilvægt að bókarinn (nemandinn) temji sér nákvæmni í vinnubrögðum og umfram allt snyrtimennsku. *Bókarinn þarf að sinna starfi sínu af alúð og natni. Keruleysi og hirðuleysi í starfi rýra gildi bókhaldsins og koma nemanda í vanda við námið.*

BÓKHALDSBÆKUR

Í bókfærslunáminu eru verkefnin til að byrja með unnin í svokallaðar bókhaldsbækur. Þegar nemandinn hefur öðlast undirstöðuþekkingu á bókhaldi gefst ef til vill tækifæri til að kynna fyrir honum tölvubókhald.

Hvort sem bókhaldið er fært í bækur eða tölvu, er vinnan sú sama svo og hugtökin. Munurinn felst í vinnuaðferðum, og vissulega gefur tölvan bókaranum meiri möguleika á sundurliðun, geymslu og úrvinnslu, en samt sem áður er vinna hans í eðli sínu hin sama.

Þær bækur sem fyrst og fremst eru notaðar eru **dagbók** og **höfuðbók**. Dagbækur eru oftast fyrirferðarmiklar, þar sem notuð er heil opna í hvert sinn. Í opnunni er hægt að færa 6 til 12 reikninga í einu, og jafnvel fleiri.

Í höfuðbókinni hefur hver reikningur eigin síðu. Höfuðbókin er aðeins notuð við opnun og lokun bókhaldsins. Í stórum dráttum má lýsa sambandinu milli dagbókar og höfuðbókar á þann hátt að í dagbókina eru allar daglegar færslur færðar á reikningana, síðan eru reikningarnir lagðir

saman í lok hvers tímabils og niðurstöður þeirra fluttar í höfuðbókina þar sem hið eiginlega uppgjör fer fram. Í stað höfuðbókar er hægt að stilla upp svokölluðum reikningsjöfnuði sem er einskonar uppkast að höfuðbókinni.

Lýsingin hér að framan á við um þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í handfærðu bókhaldi. Þó svo að bókhald sé að mestu leyti fært í tölum í dag, er gott fyrir nemendur að kynnst handfærðu bókhaldi þar sem það auðveldar skilning nemenda á viðfangsefninu.

REIKNINGAR

Hvað er það þá sem við eigum við þegar við tölum um reikning í bókhaldi. Reikningur í bókhaldi er fyrst og fremst tvíhliða töludálkur. Þessar hliðar hafa verið nefndar ýmsum nöfnum, svo sem innhlið og úthlið eða plús- og mínushlið, en algengast er að þær séu kallaðar debet og kredit, og munum við nota þau heiti hér.

BANKAREIKNINGUR	
DEBET	KREDIT

VÖRUKAUPAREIKNINGUR	
DEBET	KREDIT

Hversu margir skyldu reikningarnir í bókhaldinu þá vera? Það fer allt eftir eðli og þörfum fyrirtækisins hve marga reikninga það notar. Ef reksturinn er fábrotinn er ef til vill hægt að komast af með 6 til 8 reikninga, en hjá stórum fyrirtækjum skipta þeir hundruðum.

Þetta þýðir ekki að nemendur þurfi að læra nöfn á hundruðum reikninga. Aðalatriðið er að nemandinn eða bókarinn geri sér grein fyrir eðli þeirra reikninga sem hann notar í hvert sinn.

Skipta má reikningum í fjóra flokka eftir eðli þeirra, eða eftir fjórum undirstöðuhugtökum bókfærslunnar. Þessi fjögur hugtök eru: **Gjöld, tekjur, eignir og skuldir.**

Fjórir flokkar reikninga eru því:

1. Gjaldareikningar – 2. Tekjureikningar – 3. Eignareikningar – 4. Skuldareikningar

Hér að framan var bókfærsla skilgreind sem skipuleg skráning á viðskiptum fyrirtækis. Hvernig fer þessi skráning þá fram?

Hver einstök viðskipti eru skráð á tvo reikninga, og þá alltaf í debethlið annars og kredit-hlið hins.

Að skrá slík viðskipti er kallað „að færa“, þ.e. hver slík skráning er kölluð „færsla“. Í bókhaldi eru fáar grundvallarreglur. Sú mikilvægasta er að maður færir alltaf jafnmikið í debet og kredit.

HAFIÐ HUGFAST:

Hver færsla er færd á tvo reikninga, og alltaf í debethlið annars og kredit-hlið hins. Alltaf er fært jafnmikið í debet og kredit.

UPPGJÖR

EFNAHAGSREIKNINGUR OG REKSTRARREIKNINGUR

Ef við hugsum okkur bókhald með gamla laginu, þ.e. handfært í dagbók og höfuðbók eins og eðlilegast er að nemandi á byrjunarstigi vinni, þá sjáum við að allar daglegar færslur eru færðar í dagbókina. Síðan þegar ákveðið tímabil er liðið, t.d. einn mánuður eða eitt ár, þá er komið að svokölluðu uppgjöri. Þá eru dagbókardálgarnir lagðir saman og niðurstöður fluttar í höfuðbókina eða stillt upp reikningsjöfnuði.

Þegar búið er að flytja úr dagbókinni í höfuðbókina er komið að uppgjörinu. Það fer þannig fram að settir eru upp tveir nýir reikningar í höfuðbókina: **Efnahagsreikningur** og **rekstrarreikningur**. Þessir tveir reikningar eru nokkurs konar safnreikningar, þar sem mismun annarra reikninga er safnað saman eftir því sem við á. Debethlið efnahagsreikningsins er fyrir eignir, en kreditliðin fyrir skuldir. Á rekstrarreikningi er debethliðin fyrir gjöld og kreditliðin fyrir tekjur. Reiknaður er út mismunur hvers reiknings fyrir sig og hann fluttur á efnahags- eða rekstrarreikning eftir því sem við á.

Þannig er mismunur eignareikninga fluttur í debethlið efnahagsreiknings og mismunur skuldareikninga í kreditlið efnahagsreiknings. Efnahagsreikningur sýnir þá stöðu fyrirtækis í lok ákveðins tímabils.

Mismunur gjaldareikninga er fluttur í debethlið rekstrarreiknings og mismunur tekjureikninga í kreditliðina. Rekstrarreikningur sýnir þá afkomu fyrirtækis yfir eitthvað ákveðið tímabil, þ.e. hvort hagnaður eða tap hefur orðið á rekstrinum yfir ákveðið tímabil.

DAGBÓK

Dags.	Texti	Nr.	Upphæð	Bankareikningur		Vörukaupareikningur		Sölureikningur	
				Debet	Kredit	Debet	Kredit	Debet	Kredit
1. júlí	Vörukaup staðgr.	1	40.000		40.000	40.000			
3. júlí	Staðgreiðslusala	2	60.000	60.000					60.000

Hér sjáum við hluta úr opnu í dagbók. Í dagbókinni eru allir reikningarnir saman á opnunni. Niðurstöður þeirra eru síðan fluttar í höfuðbókina.

HÖFUÐBÓK

H - 1	Bankareikningur		
		Debet	Kredit
1. júlí	Innistæða frá fyrri mánuði	30.000	
31. júlí	Flutt úr dagbók	60.000	40.000
31. júlí	Innistæða flutt á efnahag		50.000
		90.000	
1. ágúst	Innistæða frá fyrri mánuði	50.000	

Í höfuðbókinni hefur hver reikningur sína síðu. Í höfuðbókinni fer uppgjör-ið fram. Þegar búið er að flytja úr dagbókinni í höfuðbókina er henni lokað á þann hátt að fundinn er mismunur hvers reiknings og hann fluttur á efnahags- eða rekstrarreikning eftir því sem við á.

HAGNAÐUR OG TAP

Rekstrarreikningurinn sýnir hvort um hagnað eða tap er að ræða á tímabilinu. Í debethlið hans koma fram heildargjöld og í kredithliðinni heildartekjurnar. Ef tekjur tímabilsins eru hærri en gjöldin er um hagnað að ræða, en ef gjöldin reynast hins vegar hærri en tekjurnar hefur fyrirtækið tapað á rekstrinum.

NOKKRIR ALGENGIR REIKNINGAR

Áður en við byrjum að færa bókfærsluverkefnið er rétt að skoða nokkra reikninga og gera okkur grein fyrir eðli þeirra.

1. **Bankareikningur er eignareikningur.** Við færum á hann í debet þegar við fáum peninga inn í fyrirtækið og þeir eru lagðir í banka, t.d. ef við seljum vörur gegn staðgreiðslu. Við færum á hann í kredit þegar við greiðum eitthvað út úr bankanum, t.d. húsaleigu eða vinnulaun. Mismunur á bankareikningi (inneign) er eign, þ.e. hann sýnir hve mikið við eigum í banka.
2. **Vörukaupareikningur er blandaður eigna- og gjaldareikningur.** Hann er sá reikningur í bókhaldinu sem erfiðast er að átta sig á. Við færum á hann í debet þegar við kaupum vörur, sem við ætlum að selja öðrum. Við færum aðeins á hann í kredit ef við skilum vörum sem við höfum keypt. Þegar vörukaupareikningi er lokað í höfuðbók (reikningsjöfnuði), þurfum við að taka tillit til þess að hluti af vörunum er óseldur, þ.e. við eigum einhverjar vörubirgðir. Verðmæti vörubirgðanna er oftast fundið út með vörutalningu. Vörubirgðir metum við alltaf á kostnaðarverði, þ.e. því verði sem við greiddum fyrir þær. Vörubirgðir eru eign og þær flytjum við á efnahagsreikning. Ef við drögum verðmæti þeirra frá heildarvörukaupunum, fáum við út kostnaðarverð þeirra vara, sem við erum búin að selja, og það flytjum við á rekstrarreikning.

Dæmi:

Guðrún skókaupmaður kaupir vörur í fyrsta mánuði fyrir kr. 1.200.000

Í lok mánaðarins á Guðrún birgðir af skóm að verðmæti kr. 400.000

Ef við drögum frá fáum við kr. 800.000

Þá sjáum við að þeir skór sem Guðrún er búin að selja hafa kostað hana kr. 800.000.

3. **Sölureikningur er tekjureikningur.** Tekjureikningar hafa alltaf kreditmismun vegna þess að tekjur eru alltaf bókaðar í kredit á þá. Ef við seljum vöru þá færum við söluverðið í kredit á sölureikninginn. Ef einhver skilar aftur vörum sem við höfum selt verðum við að leiðrétta sölureikninginn, og þá færum við í debet á hann. Mismunur sölureiknings er alltaf í kredit og fluttur í kredithlið rekstrarreiknings.
4. **Viðskiptakröfur er eignareikningur.** Ef við lánum viðskiptavini okkar vörur eða peninga, færum við þau viðskipti í debethlið reikningsins viðskiptakröfur. Þegar viðskiptavinurinn síðan greiðir okkur kröfuna færum við það í kredithlið reikningsins viðskiptakröfur. Mismunurinn á reikningnum sýnir okkur þá hve mikið við eigum inni hjá viðskiptavininum. Þegar við lokum reikningnum viðskiptakröfur færum við kröfurnar í debethlið efnahagsreikningsins.

5. **Viðskiptaskuldir eru skuldareikningur.** Þegar við fáum eitthvað lánað, t.d. vörur eða peninga, færum við þau viðskipti í kredithlið reiknings sem við getum kallað viðskiptaskuldir. Þegar við síðan greiðum skuldina, færum við greiðsluna í debethlið reikningsins. Mismunur þessa reiknings sýnir okkur þá hverjar viðskiptaskuldirnar eru á hverjum tíma og því flytjum við hann í kredithlið efnahagsreiknings við reikningslokun.
6. **Kostnaðarreikningur er gjaldareikningur.** Í bókhaldi fyrirtækja eru oftast margir gjaldareikningar fyrir hina ýmsu kostnaðarliði. Við getum hugsað okkur að það sé einn gjaldareikningur fyrir rafmagn, einn fyrir símakostnað, einn fyrir auglýsingar, einn fyrir ritföng o.s.frv. Í fyrstu verkefnunum hér munum við nota einn reikning fyrir þessa gjaldaliði. Kostnaðinn færum við í debet á kostnaðarreikninginn þegar hann fellur til. Ef við greiðum símréikning þá færum við í kredit á banka og debet á kostnaðarreikning, eða ef við auglýsum í Bæjarblaðinu og ætlum að fá að greiða auglýsinguna síðar, þá færum við í kredit á viðskiptaskuldir og debet á kostnaðarreikninginn. Mismunur kostnaðarreiknings er gjöld og við reikningslokun færum við hann til gjalda á rekstrarreikning.
7. **Launareikningur er gjaldareikningur.** Við færum á hann í debet þegar fyrirtækið greiðir starfsmönnum sínum laun. Vinnulaun eru oft einn stærsti gjaldaliður fyrirtækja og því eðlilegast að halda þeim á sér reikningi. Í raun er launaútreikningur oft umfangsmikill hjá stórum fyrirtækjum og oft í höndum bókarans. Síðar í námsefninu verður farið nánar í launaútreikninga og launabókhald.
8. **Eigið fé (höfuðstóll) er skuldareikningur.** Hann sýnir okkur hve mikið eigandinn eða eigendurnir eiga í fyrirtækinu. Þegar fyrirtæki er stofnað leggur eigandinn venjulega fram einhverjar eignir, t.d. peninga. Hugsum okkur að við stofnum fyrirtæki og leggjum fram kr. 1.000.000 í peningum. Þá færum við kr. 1.000.000 í debet á bankareikning og kredit á reikninginn eigið fé. Eigið fé má alltaf finna út samkvæmt eftirfarandi reglu.

Eignir – skuldir = eigið fé

Þetta skýrist þó betur þegar við förum að vinna verkefni. Eins og aðrir reikningar er eigið fé mjög mikilvægur reikningur í bókhaldinu. Á honum kemur fram hve mikið eigendurnir eiga í fyrirtækinu. Áður hefur komið fram að rekstrarreikningurinn sýnir hvort um hagnað eða tap er að ræða á ákveðnu tímabili. Eigendurnir eiga hagnaðinn og þeir verða að bera tapið. Hagnaður eða tap er því flutt af rekstrarreikningi yfir á reikninginn eigið fé. Þegar reksturinn skilar hagnaði eykst hlutur eigendanna í því en þegar fyrirtæki tapar minnkar eigið fé þess og þar með hlutur eigendanna.

Hér hefur nokkrum reikningum verið lýst og lítilega rætt um þær vinnuaðferðir sem viðhafðar eru við handfært bókhald. Öllum má þó vera ljóst að enginn lærir bókhald nema með því að vinna, þ.e. með því að færa verkefni upp á eigin spýtur. Ef þú, nemandi góður, ætlar að ná einhverjum árangri í þessu námi, þá er ráðlagt að leysa af samviskusemi þau verkefni sem þér verða sett fyrir og stunda námið af kostgæfni, þá verður eftirleikurinn auðveldur.

Í fyrstu verkefnunum sem hér fara á eftir fylgjumst við með ungu pari, Ella og Stínu, sem stofna heildverslun sem þau reka fyrst um sinn í bílskúrnum sínum. Í byrjun er þetta aðeins aukavinna og því smátt í sniðum. Við tökum að okkur að færa bókhaldið þar sem hvorugt þeirra hefur komið nálægt slíku.

Í stuttu máli má segja að hlutverk heildverslunar sé að kaupa inn vörur frá framleiðendum og selja þær síðan til smásöluverslana sem koma þeim til neytenda.

Heildsalinn leggur ofan á innkaupsverðið ákveðna prósentu, svokallaða heildsöluálagningu. Álagningin eru tekjur þær sem heildsalinn hefur til að greiða þann kostnað sem hann þarf að bera vegna þessarar starfsemi.

Fyrirtæki Ella og Stínu var stofnað 2. janúar 2008 og hóf þá starfsemi sína.

VERKEFNI 1

Við byrjum á að setja upp í dagbók þá reikninga sem nefndir voru að framan: Bankareikning, vörukaupareikning, sölureikning, viðskiptakröfur, viðskiptaskuldir, kostnaðarreikning, vinnulaunareikning og eigið fé.

2. jan.	Elli og Stína hafa sparað saman kr. 800.000 og leggja það í banka sem stofnframlag.	12. jan.	Greiðum Rækjuvinnslu Reyðarfjarðar skuldina frá 4. jan. Greitt úr banka.
3. jan.	Keyptar vörur gegn staðgreiðslu fyrir kr. 115.000 og greitt úr banka.	13. jan.	Staðgreiðslusala lögð í banka kr. 100.000.
4. jan.	Keyptar vörur gegn gjaldfresti frá Rækjuvinnslu Reyðarfjarðar fyrir kr. 120.000.	15. jan.	Anna í Önnubúð greiðir skuld sína frá 9. jan. inn á reikning okkar í bankanum.
5. jan.	Greitt úr bankanum fyrir auglýsingar kr. 26.000.	19. jan.	Elli og Stína taka kr. 50.000 úr bankanum sem laun fyrir janúarmánuð.
6. jan.	Seldar vörur gegn staðgreiðslu fyrir kr. 80.000 og andvirðið lagt í banka.	21. jan.	Seljum vörur út í reikning til Betri búðarinnar fyrir kr. 40.000.
9. jan.	Seldar vörur út í reikning til Önnu í Önnubúð fyrir kr. 60.000.	24. jan.	Keyptar vörur út í reikning frá Vöruvinnslunni á Vopnafirði fyrir kr. 90.000.
11. jan.	Keyptar vörur gegn gjaldfresti frá Sveppatínslu Suðurnesja fyrir kr. 75.000.	25. jan.	Greiðum skuldina við Sveppatínslu Suðurnesja frá 11. janúar.
		31. jan.	Staðgreiðslusala lögð í banka kr. 126.000.

Þegar við höfum lokið við að færa eitt tímabil í dagbókina, er komið að uppgjörinu. Við byrjum á að leggja saman dálkana í dagbókinni, strikum undir síðustu færsluna og notum að sjálfsgöðu reglustiku. Fyrir neðan strikið skrifum við summu hvers dálks fyrir sig. Að því búnu þurfum við að athuga hvort dagbókin stemmir, þ.e. hvort við höfum fært jafnmikið í debet og kredit.

Það gerum við með því að skrifa upp nöfn reikninganna og niðurstöður þeirra í svonefndan „prófjöfnuð“ með þeim hætti sem hér er sýnt. Við getum notað aftasta dálkinn í dagbókinni fyrir þetta, eða bara rissblað.

PRÓFJÖFNUÐUR 31. JANÚAR

REIKNINGAR	DEBET	KREDIT
Bankareikningur	1.166.000	386.000
Vörukaupareikningur	400.000	
Sölureikningur		406.000
Viðskiptakröfur	100.000	60.000
Viðskiptaskuldir	195.000	285.000
Kostnaður	26.000	
Vinnulaun	50.000	
Eigið fé		800.000
	1.937.000	1.937.000

Þegar prófjöfnuður í verkefni 1 hefur verið skrifaður upp lítur hann út eins og sýnt er hér að ofan, og á honum sjáum við að dagbókin stemmir.

Ef dagbókin stemmir ekki verðum við að leita að villunni og leiðréttu hana á snyrtilegan hátt.

Þegar þessu er lokið, skrifum við fyrir framan summulínuna í dagbókina „flutt í höfuðbók“ og tvístrikum undir summutölurnar.

Þá er komið að því að setja upp sömu reikninga í höfuðbókinni. Í höfuðbókinni látum við hvern reikning hafa sína síðu og flytjum síðan niðurstöðutölur dagbókarinnar þar inn. Síðan snúum við okkur að því að loka höfuðbókinni og förum að eins og lýst var hér að framan. Við setjum upp efnahags- og rekstrarreikning og nægir þá hálf síða fyrir hvorn, en síðan flytjum við mismun reikninganna á efnahag og rekstur eftir því sem við á.

Við lokun þessa fyrsta verkefnis tókum við tillit til þess að í lok janúar voru til vörubirgðir hjá þeim Ella og Stínu að kostnaðarverði kr. 120.000.

Eftir lokunina lítur efnahags- og rekstrarreikningurinn út eins og sýnt er á næstu síðu.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. JAN. 2008

EIGNIR	
Bankareikningur	780.000
Vörubirgðir	120.000
Viðskiptakröfur	40.000
Viðskiptaskuldir	
Eigið fé	
	940.000

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	
	90.000
	850.000
	940.000

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR JANÚAR 2008

	GJÖLD	TEKJUR
Vörunotkun	280.000	
Sala		406.000
Kostnaður	26.000	
Vinnulaun	50.000	
Hagnaður	50.000	
	406.000	406.000

Ef við nú skoðum rekstrarreikninginn aðeins nánar sjáum við að mismunurinn á vörunotkun (kostnaðarverð seldu varanna) og vörusölu er 126.000. Það er álagningin. Kostnaðurinn er kr. 26.000 og vinnulaun kr. 50.000. Hagnaðurinn eða gróðinn er því kr. 50.000. Hagnaðurinn er fluttur á reikninginn eigið fé og eykur þar með eign Ella og Stínu í fyrirtækinu.

Spurning: Hver er meðalálagningin í janúar?

Eftir að höfuðbókarreikningunum hefur verið lokað eru þeir opnaðir aftur með þeim tölum sem fluttar voru í efnahagsreikninginn (eignum og skuldum). Að því loknu erum við tilbúin að færa næsta tímabil í dagbókina. Í stað þess að opna með eignum og skuldum í höfuðbók má færa þær tölur sem upphafs færslu í dagbókinni á næsta tímabili.

Athugið! Við reikningsopnun koma eignir og skuldir fram sömu megin og þær standa á efnahagsreikningi, þ.e. eignirnar koma debet megin og skuldirnar í kredit.

Rekstrarreikningurinn er yfirlit yfir það sem er liðið, og því er ekki opnað með gjöldum og tekjum.

REIKNINGSJÖFNUÐUR

Nr.	Reikningar	Mismunur		Efnahagsreikn.		Rekstrarreikn.		Eigið fé	
				Eignir	Skuldir	Gjöld	Tekjur		
1	Bankareikningur	1.166.000	386.000	780.000					
2	Vörukaupareikn.	400.000		120.000		280.000			
3	Sölureikningur		406.000				406.000		
4	Viðskiptakröfur	100.000	60.000	40.000					
5	Viðskiptaskuldir	195.000	285.000		90.000				
6	Kostnaðarreikn.	26.000				26.000			
7	Vinnulaunareikn.	50.000				50.000			
8	Eigið fé		800.000						800.000
		1.937.000	1.937.000	940.000	90.000	356.000	406.000		800.000
	Hagnaður/halli fluttur á eigið fé					50.000			50.000
	Eigið fé flutt á efnahag				850.000			850.000	
				940.000	940.000	406.000	406.000	850.000	850.000

Reikningsjöfnuð eins og þennan geta nemendur sett upp í dagbókina sína og kemur hann þá í stað höfuðbókar. Hér áður fyrr var svona reikningsjöfnuður settur upp sem uppkast að lokun í höfuðbók því í höfuðbókinni vildu menn ekki hafa neinar villur eða leiðréttingar.

Í mismunardálkinn hér að ofan eru settar bæði debet- og kredittölurnar á þeim reikningum sem bæði var fært á í debet og kredit í dagbókinni. Í raun hefði þó verið nóg að setja mismuninn þannig að í stað þess að setja kr. 1.166.000 í debet og kr. 386.000 í kredit á bankareikning hefði verið nóg að setja 780.000 í debet.

Spurning: Hvers konar reikningur er vörukaupareikningur? Af hverju er bæði fært á efnahags- og rekstrareikning af honum við reikningslokun?

VERKEFNI 2

Nú færum við dagbók fyrir febrúar og notum sömu reikninga og í verkefni 1. Ef notuð er höfuðbók, fer opnunin fram þar. Þeir sem aðeins setja upp reikningsjöfnuð ættu að færa sem upphafs færslu tölurnar sem eru á efnahagsreikningnum í lok janúar.

MBS

- | | |
|---|---|
| 1. feb. Greiðum úr banka skuldina við Vöruvinnsluna á Vopnafirði frá 24. jan. kr. 90.000. | 12. feb. Kaupum vörur út í reikning frá Sveppatínslu Suðrnesja fyrir kr. 90.000. |
| 2. feb. Kaupum vörur út í reikning frá Niðursuðuverksmiðju Norðurlands fyrir kr. 120.000. | 15. feb. Bókaranum greitt fyrir uppgjör vegna janúarmánaðar kr. 7.000. |
| 3. feb. Seljum vörur gegn staðgreiðslu fyrir kr. 120.000 og leggjum andvirðið í banka. | 16. feb. Keyptar vörur af Gróðurhúsi Guðmundar fyrir kr. 80.000, þar af greiðum við úr bankanum kr. 40.000 og fáum að skulda afganginn þar til síðar. |
| 3. feb. Betri búðin (sjá 21. jan.) greiðir skuld sína inn á bankareikning okkar kr. 40.000. | 17. feb. Guðmundarkjör greiðir inn í banka reikning sinn frá 9. febrúar. |
| 4. feb. Vörurnar sem við fengum frá Niðursuðuverksmiðju Norðurlands reyndust gallaðar og endursendum við helminginn, og dregst það frá skuld okkar. | 18. feb. Seljum vörur gegn staðgreiðslu og leggjum andvirðið inn í banka kr. 110.000. |
| 4. feb. Kaupum vörur gegn staðgreiðslu fyrir kr. 50.000. Greitt úr banka. | 19. feb. Seljum vörur gegn gjaldfresti til Verslunar Jónasar fyrir kr. 82.000. |
| 5. feb. Greiðum símareikning úr banka kr. 15.000. | 22. feb. Greiðum afganginn af skuldinni við Niðursuðuverksmiðju Norðurlands, sjá 2. og 4. febrúar. |
| 8. feb. Seljum vörur gegn staðgreiðslu fyrir kr. 124.000 og er andvirðið lagt í banka. | 24. feb. Kaupum vörur gegn staðgreiðslu fyrir kr. 120.000. |
| 9. feb. Seljum vörur gegn gjaldfresti til Guðmundarkjörs fyrir kr. 74.000. | 25. feb. Verslun Jónasar greiðir inn á bankareikning okkar kr. 40.000 upp í úttekt sína. |
| 10. feb. Stína tekur út laun fyrir febrúar kr. 50.000. | 28. feb. Greiðum úr banka umbúðakostnað kr. 12.000. |
| 11. feb. Greitt fyrir auglýsingu úr banka kr. 15.000. | |

Leggið nú dagbókina saman, gerið prófjöfnuð, flytjið niðurstöðurnar í höfuðbókina og lokið síðan reikningunum í höfuðbókinni (eða stillið upp reikningsjöfnuði).

Vörubirgðir í lok febrúar voru að kostnaðarverði kr. 200.000.

Hvað er álagningin mikil í febrúarmánuði? Hve mörg % eru það?

FOB- OG CIF-SKILMÁLAR

Það hefur alltaf einhvern kostnað í för með sér að flytja vörur milli staða, landshluta eða landa. Því lengri sem vegalengdin er, þeim mun meiri er kostnaðurinn.

Sá kostnaður sem hér um ræðir er fyrst og fremst flutningsgjald og váttrygging. En það er fleira sem kemur til. Flytja þarf vöruna að skipshlið eða í vörugeymslu skipafélags eða flugfélags. Það þarf að koma vörunni um borð í skip eða flugvél (útskipun), þá þarf að koma henni upp úr skipinu í heimahöfn kaupandans (uppskipun) og síðan þarf að aka vörunni heim í hús kaupandans.

Hver sér um að greiða fyrir þessa kostnaðarliði og hvar er afhendingarstaður vörunnar? Í viðskiptum eru til ýmsir skilmálar þar sem kveðið er á um hver á að borga hvað. Hér verður greint frá tveimur algengum skilmálum og þeir notaðir í þeim verkefnum sem hér fara á eftir. Þetta eru FOB- og CIF-skilmálarnir.

FOB (free on board, f.o.b.) þýðir „frítt um borð“ og þá á seljandinn að afhenda vöruna um borð í flutningatæki, og þarf þá að bera þann kostnað sem fylgir því að koma vörunni þangað (akstur að skipshlið og útskipun). Þar tekur kaupandinn við og greiðir flutningsgjald, váttryggingu, uppskipun og heimkeyrslu.

CIF (cost, insurance, freight, c.i.f.). Þegar varan er seld með þessum skilmálum, greiðir seljandinn flutningsgjaldið og váttrygginguna, þ.e. sér um að koma vörunni í heimahöfn kaupandans. Þar tekur kaupandinn við og greiðir uppskipun og heimkeyrslu.

	FOB	CIF
Seljandi greiðir	Útkeyrslu Útskipun	Útkeyrslu Útskipun Flutningsgjald Váttryggingu
Kaupandi greiðir	Flutningsgjald Váttryggingu Uppskeyrslu Heimkeyrslu	Uppskeyrslu Heimkeyrslu

INNKAUPAKOSTNAÐUR

Eins og áður er getið fellur ýmis kostnaður á þær vörur sem fluttar eru til landsins. Við höfum nefnt flutningsgjald, váttryggingu, uppskipun, heimkeyrslu, en það eru fleiri kostnaðarliðir sem bætast við, eins og til dæmis tollar og vörugjöld.

Af þessu leiðir að endanlegt kostnaðarverð vöru verður oft töluvert hærra en það verð sem greitt er til seljandans í útlandinu.

Allur kostnaður sem fellur á vöru áður en hún er komin í hús hjá kaupandanum er færður á vörukaupareikninginn.

Þegar innflytjandi vörunnar reiknar síðan út söluverð sitt, leggur hann þessa kostnaðarliði saman, ásamt innkaupsverðinu, og fær þá út endanlegt kostnaðarverð. Ofan á kostnaðarverðið þannig reiknað leggur hann svo álagningu sína.

VERKEFNI 3

Færið viðskipti marsmánaðar í dagbók, notið sömu reikninga og áður. Gangið svo frá verkefninu með sama hætti og áður.

- | | | | |
|------------|--|------------|---|
| ✓ 1. mars | Seljum vörur gegn staðgreiðslu fyrir kr. 120.000. | 11. mars | Helgi á Hólmavík (sjá 3. mars) skilar okkur aftur vörum að söluverði kr. 15.000, og gengur það upp í skuld hans við okkur. |
| 2. mars | Greiðum upp skuldina við Sveppatínslu Suðurnesja frá 12. febrúar kr. 90.000. | 12. mars | Seljum vörur út í reikning til Ögra á Eskifirði FOB fyrir kr. 48.000. Við greiðum vegna sölunnar kr. 3.000 í útskipun og kr. 5.000 í flutningsgjald fyrir Ögra. |
| ✓ 3. mars | Seljum vörur út í reikning til Helga á Hólmavík fyrir kr. 60.000 FOB. Greiðum fyrir útskipun kr. 4.000 (fært á kostnaðar-reikning). | 13. mars | Kaupum vörur gegn gjaldfresti frá Saltverksmiðju Sauðárkróks FOB fyrir kr. 75.000. Greiðum kr. 5.000 í flutningsgjald og tryggingu af þessum vörum. |
| 4. mars | Verslun Jónasar greiðir okkur afganginn af skuld sinni frá 19. og 25. febrúar kr. 42.000 inn á bankareikning okkar. | ✓ 14. mars | Helgi á Hólmavík greiðir afganginn af skuld sinni (sjá 3. og 11. mars). |
| ✓ 5. mars | Þar sem húsnæðið er orðið of lítið fyrir starfseminna, taka þau Elli og Stína á leigu húsnæði við Vesturgötuna og greiða húsaleigu fyrir marsmánuð kr. 25.000. | 17. mars | Greiðum fyrir auglýsingu á vörunum frá Sauðárkróki kr. 10.000. |
| ✓ 8. mars | Greiðum úr bankanum skuldina við Gróðurhús Guðmundar frá 16. febrúar kr. 40.000. | ✓ 18. mars | Seljum alla vörusendinguna frá Sauðárkróki með 25% álagningu gegn staðgreiðslu. |
| ✓ 9. mars | Kaupum vörur frá Englandi FOB og greiðum fyrir þær ísl. kr. 90.000. Jafnframt greiðum við flutningsgjald, váttryggingu og uppskipun kr. 10.000. | 22. mars | Elli tekur út laun fyrir þau hjónin, kr. 30.000 úr bankanum og kr. 8.000 í vörum. |
| ✓ 10. mars | Seljum vörur gegn staðgreiðslu fyrir kr. 50.000 og er andvirðið lagt á banka. | 31. mars | Seldar vörur út í reikning til Hótel Kópavogs fyrir kr. 90.000. |

Vörubirgðir í lok mánaðarins voru að kostnaðarverði kr. 140.000.

VERKEFNI 4

Færið dagbók fyrir apríl. Notið sömu reikninga og áður, lokið dagbókinni og gerið uppgjör fyrir aprílmánuð.

- | | | | |
|-----------|--|-----------|---|
| 1. apríl | Greiðum úr bankanum skuldina við Saltverksmiðju Sauðárkróks frá 13. mars. | 12. apríl | Greiðum úr bankanum kr. 15.000 fyrir auglýsingu í Síðdegisblaðinu. |
| 1. apríl | Bókanum greidd laun kr. 8.000. | 13. apríl | Seljum vörur út í reikning til Heilsuræktar Hafnarfjarðar fyrir kr. 50.000. |
| 2. apríl | Seldar vörur gegn staðgreiðslu fyrir kr. 70.000. | 14. apríl | Arakjör á Eyrarbakka gerir upp skuld sína frá 11. apríl. |
| 3. apríl | Greidd húsaleiga úr bankanum kr. 15.000. | 17. apríl | Greiðum skuld okkar við Sjóefnavinnslu Seyðisfjarðar frá 9. apríl. |
| 4. apríl | Keyptar vörur og greiddar úr banka fyrir kr. 92.000. | 18. apríl | Seljum vörur gegn staðgreiðslu fyrir kr. 45.000 og leggjum andvirðið í banka. |
| 5. apríl | Greitt úr banka fyrir rafmagn og hita kr. 12.000. | 21. apríl | Kaupum vörur gegn gjaldfresti af Sveppatíslu Suðurnesja fyrir kr. 60.000. |
| 8. apríl | Elli tekur út sem laun vörur að söluverði kr. 12.000 og úr bankanum kr. 20.000. | 23. apríl | Heilsurækt Hafnarfjarðar skilar okkur aftur vörum að söluverði kr. 10.000 og greiðir afganginn af skuldinni inn á bankareikning okkar. |
| 9. apríl | Kaupum vörur út í reikning með CIF-skilmálum af Sjóefnavinnslu Seyðisfjarðar fyrir kr. 85.000. Greiðum flutningsgjald af þessum vörum fyrir Sjóefnavinnsluna kr. 7.000 og einnig uppskipun og heimkeyrslu kr. 5.000. | 25. apríl | Seljum vörur út í reikning til Hótel Kópavogs fyrir kr. 127.000. |
| 10. apríl | Hótel Kópavogs greiðir reikning sinn frá 31. mars inn á bankareikning okkar. | 30. apríl | Kaupum vörur gegn gjaldfresti af Sjóefnavinnslu Seyðisfjarðar fyrir kr. 138.000 FOB. Greiðum kr. 7.000 í flutningsgjald og tryggingu af þessum vörum og 5.000 í uppskipun og heimkeyrslu. |
| 11. apríl | Seljum vörur út í reikning til Arakjors á Eyrarbakka CIF fyrir kr. 82.000 og greiðum kr. 8.000 í flutningsgjald og váttryggingu af þessum vörum. | | |

Í lok mánaðarins eru vörubirgðir að kostnaðarverði kr. 217.000.

UPPRIFJUN

Áður en lengra er haldið er rétt að við lítum aðeins til baka yfir það sem komið er og reynum að átta okkur betur á því.

Í þeim verkefnum sem komin eru höfum við notað sjö reikninga sem við flokkum í fjóra flokka: eigna-, skulda-, gjalda-, og tekjureikninga. Eftir að við höfum fært viðskipti hvers tímabils í dagbók, flytjum við niðurstöður í höfuðbók þar sem uppgjör fer fram eða við stillum upp reikningsjöfnuði.

Við reikningslokun færum við eigna- og skuldareikninga á efnahagsreikninginn og gjalda- og tekjureikninga á rekstrarreikninginn.

Rekstrarreikningurinn sýnir okkur afkomu fyrirtækisins á ákveðnu tímabili. Á honum koma fram gjöld og tekjur. Þegar við lokum honum berum við saman gjöldin og tekjurnar. Ef tekjurnar eru hærri en gjöldin hefur orðið hagnaður af rekstrinum, en ef gjöldin eru hærri en tekjurnar hefur fyrirtækið verið rekið með tapi.

Hagnaðurinn færist af rekstrarreikningi og bætist við eigið fé fyrirtækisins, þ.e. hlutur eigendanna eykst. Tapið færist í debethlið reikningsins „Eigið fé“ og þar með minnkar hlutur eigendanna í fyrirtækinu.

Eftir að rekstrarreikningi hefur verið lokað flytjum við eigið fé á efnahagsreikninginn. Þegar allar eignir og allir skuldaliðir eru komnir á efnahagsreikninginn á hann að vera í jafnvægi. Eignir eiga að vera jafnmiklar og skuldir + eigið fé.

Eignir = skuldir + eigið fé

Þegar við færum dagbókina er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því sem liggur á bak við færslurnar, hvað það er sem á sér stað, hvaða áhrif viðskiptin eða athafnirnar hafa á hina einstöku reikninga og hvaða reikningar það eru sem færslan snertir.

Í dagbókinni er aðalatriðið að færa alltaf jafnmikið í debet og kredit.

FLEIRI REIKNINGAR

Í algengustu gerð af dagbók eru 9 dálkar. Aftasti reikningsdálkurinn er þannig að fyrir framan hann er smá línustubbur. Þennan dálk notum við fyrir ýmsa reikninga. Það er ljóst að langflest fyrirtæki nota fleiri en 9 reikninga. Því notum við þennan aftasta dálk þannig að þar færum við alla þá reikninga sem ekki komast fyrir annars staðar á opnunni. Þá skrifum við á línustubbinn fyrir framan hvaða reikningur það er sem við erum að færa á.

Þegar við höfum síðan lokið við að færa eina opnu eða eitt tímabil, þá sundurliðum við þennan dálk og flytjum niðurstöður hvers reiknings fyrir sig í höfuðbókina eða reikningsjöfnuðinn.

Nú skulum við kynna okkur nýja reikninga sem mikið eru notaðir.

Sjóðsreikningur

Fram að þessu höfum við notað bankareikning fyrir allar greiðslur, hvort sem við höfum verið að fá greiðslu eða við höfum verið að greiða. Í upphafi kynntum við bankareikning sem eignareikning. Í raun getur þó myndast á honum skuld. Hægt er að fá heimild til að greiða meira út af bankareikningi en þar kemur inn.

Fyrirtæki liggja oft með lausa peninga, peninga sem ekki eru lagðir strax í banka, skiptimynt. Til að halda utan um þá er rétt að setja upp í bókhaldinu reikning sem kallaður er „sjóðsreikningur“. Sjóðsreikningur er eignareikningur. Við færum á hann í debet þegar lausir peningar koma inn í fyrirtækið, og í kredit þegar við greiðum með þessari skiptimynt eða leggjum hana í banka. Aldrei getur myndast kreditmunur á sjóðsreikningi. Bankareikningur og sjóðsreikningur eru þannig mjög svipaðir og saman eru þeir nefndir „handbært fé“.

Vaxtareikningar

Þegar peningar eru lagðir á banka, þá greiðir bankinn af þeim vexti. Við höfum af því tekjur að lána bankanum eða öðrum peninga. Það eru **vaxtatekjur**.

Ef við hins vegar fáum lán í bankanum eða annars staðar, þá þarf að greiða **vaxtagjöld** af láninu.

Í bókhaldinu höfum við því tvo vaxtareikninga, **vaxtagjaldareikning** og **vaxtatekjureikning**.

Þegar við þurfum að bera vaxtagjöld af lánum, þá færum við þau til gjalda á vaxtagjaldareikning. Ef við t.d. greiðum vexti af skuld við bankann eða af öðrum viðskiptaskuldum, þá er færslan í kredit á banka og debet á vaxtagjaldareikning. Vaxtagjaldareikningurinn hefur því alltaf debetmismun og er hann fluttur á rekstrarreikning við reikningslokun.

Vaxtatekjureikningur er færður fyrir þær tekjur sem við höfum af bankainnistæðum eða viðskiptakröfum. Þegar vörur eru seldar gegn gjaldfresti er samið um ákveðinn greiðsludag. Ef greiðslan dregst er vöxtum gjarnan bætt við kröfuna og færum við slíka vexti sem vaxtatekjur. Vaxtatekjur eru færðar í kredithlið vaxtatekjureiknings. Mismunur vaxtatekjureiknings er því alltaf í kredit og við reikningslokun færir hann í kredithlið rekstrarreiknings.

Einkareikningur

Samkvæmt bókhaldslögum er eigendum skylt að hafa sérstakan reikning fyrir viðskipti sín við fyrirtækið.

Einkareikningurinn er færður til að aðskilja betur fjárhag fyrirtækisins og fjárhag eiganda þess. Laun eigandans höfum við fært á launareikning og munum halda því áfram. Viðskipti eigandans umfram bein laun skulu hins vegar færast á einkareikning, hvort sem um er að ræða úttektir eða framlög. Ef eigandinn greiðir t.d. úr eigin vasa reikninga fyrir fyrirtækið, færum við það á einkareikninginn.

Þegar einkareikningi er lokað er mismunur hans fluttur á eigið fé.

VERKEFNI 5

Þá höldum við áfram með bókhaldið fyrir Ella og Stínu og færum nú bókhald fyrir maímánuð. Við notum sömu reikninga og áður og bætum við sjóðsreikningi, einkareikningi og vaxtagjalda- og vaxtatekjureikningi sem við getum haft undir ýmsum reikningum.

2. maí	Seljum vörur út í reikning til Hótel Húsavíkur FOB fyrir kr. 76.000. Greiðum úr bankanum fyrir akstur að skipshlið kr. 2.000.	16. maí	Greiðum úr sjóði kr. 4.800 fyrir prentun á reikningseyðublöðum.
3. maí	Greiðum úr bankanum skuldina við Sveppatínluna frá 21. apríl kr. 60.000 og vexti að auki kr. 4.000 af skuldinni.	17. maí	Þengill í Þorlákshöfn greiðir inn á banka-reikning okkar kröfuna frá 9. maí.
4. maí	Staðgreiðslusala kr. 82.000 lögð í banka.	18. maí	Ellí greiðir úr eigin vasa kr. 14.000 fyrir auglýsingu í útvarpi.
5. maí	Hótel Kópavogs greiðir okkur skuld sína frá 25. apríl kr. 127.000 og vexti kr. 3.000 að auki og er upphæðin lögð í banka.	19. maí	Vörusala gegn staðgreiðslu lögð í banka kr. 46.000.
6. maí	Seljum vörur gegn staðgreiðslu fyrir kr. 12.000 og fáum greitt með peningum sem liggja í peningakassanum.	21. maí	Seljum vörur gegn gjaldfresti til Ögra á Eskifirði FOB fyrir kr. 37.000. Greiðum fyrir akstur og útskipun kr. 2.500 úr peningakassanum.
9. maí	Seljum vörur út í reikning til Þengils í Þorlákshöfn FOB fyrir kr. 65.000 og greiðum vegna sölunnar kr. 3.000 úr sjóði í flutningsgjald.	22. maí	Hótel Húsavíkur greiðir okkur skuld sína frá 2. maí og kr. 600 í vexti að auki, og er hvort tveggja lagt inn á reikning okkar í bankanum.
10. maí	Stína tekur úr vörur að söluverði kr. 14.000 og úr bankanum kr. 12.000 sem færa skal sem laun.	24. maí	Vörusala gegn staðgreiðslu fyrir kr. 30.000. Þar af tekur Ellí til eigin þarfa kr. 10.000 en leggur afganginn í peningakassann.
11. maí	Kaupum vörur gegn staðgreiðslu fyrir kr. 54.000 og greiðum úr bankanum.	27. maí	Seljum vörur gegn gjaldfresti CIF fyrir kr. 58.000 til Helga á Hólmavík. Greiðum úr peningakassanum flutningsgjald og tryggingu kr. 3.000.
12. maí	Greiðum úr bankanum skuld okkar við Sjöefnavinnsluna frá 30. apríl kr. 138.000 og vexti kr. 2.000 að auki.	30. maí	Leggjum í bankann það sem er í peningakassanum en skiljum kr. 1.000 eftir sem skiptimynt.
15. maí	Kaupum vörur út í reikning frá Saltverk-smiðju Sauðárkróks FOB fyrir kr. 87.000 og greiðum kr. 3.000 úr bankanum í flutningsgjald.		

Gangið frá verkefninu eins og venjulega. Vörusalan í maí var með 40% álagningu. Hverjar voru þá birgðirnar?